



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 19. mars 1985.

96. fundur

skólanefndar var haldinn þann 18. mars í húsnæði skólans. Fundurinn hófst kl. 21:00. Form. setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna.

Mættir voru: Gunnar, Eggert, Hreinn, Ómar, Bogi, Ingi í forföllum Halldórs, Ingimundur, Edda Rós, og Helga Lára í forföllum Gísla og bauð form. hana sérstaklega velkomna.

1. Formaður tók fyrir fyrsta mál og kynnti þær umsóknir, sem borist höfðu um stöðu skólameistara - en þær voru frá eftirtöldum aðilum:

1. Hjálmari Árnasyni
2. Peter Rasmussen
3. Ónafnþreindur (viðkomandi aðili óskaði nafnleyndar)

Allir uppfylltu beir sett skilyrði og var ákveðið að fulltrúar tækju sér viku til athugunar á umsóknum. Ákveðið að fjölrita umsóknir og senda til skólanefndarmanna og hafa fund þriðjudag 26. mars kl. 17:00.

2. Settur skólameistari sagði frá ástandi í skólanum vegna uppsagna kennara. Hann taldi það fara versnandi dag frá degi en skólinn myndi reyna allt til að bjarga önninni eins og hann sagði. Hann sagði frá fundi með menntamálaráðherra í dag og taldi ekki lausn í auglýsni á þessari stund.

Edda Rós las samb. frá fundi nemendafél. Fjölbrautaskóla Suðurnesja, dagsett 18. mars. Þar er lýst áhyggjum vegna ástandsins og bornar fram spurningar^{um} hvernig hægt verði að ljúka önninni.

3. Reikningshaldari skólans, Valtýr Guðjónsson, lagði fram reikn. skólans fyrir árið '84, og útskýrði þá. Hann hóf mál sitt á því að eignalega séð hefði skólinn komið betur út nú en oft áður. Hann gat þess að sveitarfélagið hefðu alltaf greitt örorar en þeim bæri til að vega upp á móti þeim drætti sem

ætið væri hjá ríki. Formaður þakkaði reikningshaldara mjög aðgengilega og skýra reikninga.

4. Önnur mál.

Ingólfur Halldórsson sagði frá athugun á máli Sigurðar Erlendssonar er honum var falið að gera athugun á og áður hefur verið bókað, vegna kaupa á fylgihlutum við fræsara. Skólanefnd var sammála um að fela skólameistara að bjóða Sigurði 35-40.000 kr. greiðslu fyrir þessi tæki og það sé lokaboð.

Fleira ekki gert.

Bogi G. Hallgrímsson

Bogi Hallgrímsson,
fundarritari.

Ingólfur Halldórsson

Ingólfur Halldórsson,
settur skólameistari.